Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Imogaze 240 mg mjúkt hylki

simeticon

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.
Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.
- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 10 daga.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Imogaze og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Imogaze
3. Hvernig nota á Imogaze
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Imogaze
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Imogaze og við hverju það er notað

Imogaze verkar með því að rjúfa loftbólur í meltingarveginum sem valda uppþembu. Lyfið er notað handa fullorðnum og unglingum frá 15 ára aldri til að meðhöndla einkenni uppþembu í meltingarvegi (vindgangs) sem veldur því að kviðurinn er þaninn.

2. Áður en byrjað er að nota Imogaze

Ekki má nota Imogaze ef um er að ræða ofnæmi fyrir simeticoni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur
Leitið ráða hjá lækni ef:
- uppþemban er ekki liðin hjá eftir 10 daga meðferð.
- þú ert með hægðatregðu sem ekki líður hjá.
- einkenni versna eða ný einkenni koma fram.

Meðganga og brjóstagjöf
Leitið ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð.
Nota má Imogaze á meðgöngu og við brjóstagjöf vegna þess að upptaka simeticons í líkamanum (altæk útsetning) er hverfandi.

Akstur og notkun véla
Imogaze hefur engin þekkt áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

3. Hvernig nota á Imogaze

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækninum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er:

Þeir sem eru 15 ára eða eldri: Taka skal eitt hylki í lok hverrar meginmáltíðar. Gleypið hylkið með stóru glasi af vatni. Ekki má taka fleiri en 3 hylki á sólarhring. Ekki má nota hylkin lengur en í 10 daga.
Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 10 daga.

Notkun handa börnum og unglingum yngri en 15 ára
Ekki má nota Imogaze handa börnum yngri en 15 ára.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um
Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef gleymist að taka Imogaze
Taka skal hylki í lok næstu meginmáltíðar. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Hættu að nota Imogaze og talaðu strax við lækni ef þú færð einkenni ofnæmisbjúgs: þrota í andliti, tungu eða koki, erfiðleika við að kyngja, ofsakláða eða öndunarerfiðleika.

Greint hefur verið frá eftirtöldum aukaverkunum (tíðni ekki þekkt):
- Kviðverkir, ógleði, uppköst og hægðatregða.
- Ofnæmisviðbrögð, t.d. húðútbrot, kláði, ofnæmisbjúgur, þroti í andliti, vörum, hálsi og á tungu eða öndunarerfiðleikar.

Tilkynning aukaverkana
Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Imogaze

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og þynnunni á eftir „Fyrnist/EXP“. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Imogaze inniheldur
- Virka innihaldsefnið er simeticon. Hvert hylki inniheldur simeticon 240 mg.
- Önnur innihaldsefni eru gelatína og glýseról.

Lýsing á útliti Imogaze og pakkningastærðir
Imogaze er gegnsætt, mjúkt hylki úr gelatínu. Í hverri pakkningu eru 10, 20 eða 30 hylki.
Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi:
McNeil Sweden AB
Solna, Svíþjóð

Framleiðandi:
Catalent France Beinheim S.A.
74 rue Principale
67930 Beinheim
Frakkland

Umboð á Íslandi:
Vistor hf. Sími: 535 7000.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í desember 2023.